Og nú er það afstrakt

Tveir kaflar sem eru brot úr óprentuðu samtali Matthíasar Johannessens við Svein Björnsson listmálara birt í tilefni málverkasýningar Sveins á Kjarvalsstöðum. Sýningin verður opnuð um næstu helgi, en Sveinn verður sextugur 19. febrúar nk.

I

Þegar við komum til Sveins Björnssonar í Krýsuvík var Sveifluháls að hrista á sér úfinn makkann og kom dökkblár undan nóttunni. Sveinn stóð í dyrunum og bauð okkur velkomin. Húsið er sérkennilegt. Sveinn hefur haft það á leigu, en Hafnarfjarðarbær tók á sig rögg og lét honum það eftir næstu 20 ár endurgjaldslaust í viðurkenningarskyni fyrir list hans og starf. Húsið var reist yfir væntanlegan bústjóra. Nú situr Sveinn þar í kyrrðum.

Sveinn er rannsóknarlögreglumaður í Hafnarfirði, sherlok eins og hann segir sjálfur. Þar hefur hann átt heima lengi. Þar leigði hann Gunnlaugi Scheving í einn tíma. Gunnlaugur byggði þar hús, en taldi þar væri reimt. Þá bauðst Sveinn til að sofa í húsi Gunnlaugs. Gunnlaugur varð undrandi á þessu tilboði og taldi Svein til karlmenna. Það hefur fleiri þótt sem hafa lesið gagnrýni um Svein. En þegar verst gegnir færir hann sig innar á heiðina. Hann er Bjartur í Sumarhúsum íslenzkrar myndlistar. Hann hefur farið með andlitin sín, köngurlóarvefina, fuglana og blómin inná heiðina. Myndlistin er hans Ásta Sóllilja. Og hann hefur yndi af köngurlóunum. Þær eru listelskar, segir hann. Köngurlóarvefir eru mín liststefna. Hann hefur ekkert hirt um mótbyr í listinni, en haldið ótrauður áfram og látið sköp vaxa eins og segir í Atlamálum. Ég hef reynt að láta ekki fang á mér fá, en samt hefur oft verið hert að mér, segir Sveinn. En ég hef aldrei orðið heitur af því.

Sveinn er rómantískur expressjónisti. Látið tunglið vera(!) er lífsstefna hans. Látið köngurlóarvefi eiga sig, þeir eru listaverk! Eina tilgangslistin sem á rétt á sér. Og ég skil, bætir hann við. Hann er með seltu sjómannsins í blóðinu. Ég hef einu sinni steytt á skeri, segir hann, og það er nóg! Þá var ég háseti á Faxaborg. Við strönduðum á Hraunhafnartanga í byl og myrkri. Yfirgáfum dallinn í brimgarðinum og komumst við illan leik í land, en allir menn héldust. Þá var gott að fá volgan mjólkursopa á bænum Harðbak eftir volkið. Listin hefur stundum verið mér harðbakshestur. En það er í kvölinni sem maðurinn skírist. Og búkarlar hafa oft gert sig digra á Íslandi. Gunnlaugur Scheving hafði ofnæmi fyrir draugum eins og ýmsu öðru sem hann þurfti að glíma við. Hann hafði einnig ofnæmi fyrir raka og fékk lyf við því. Hann hafði ofnæmi fyrir Kjarval undir lokin, en við því voru engin lyf.

Sveinn kynntist Gunnlaugi 1949, þá var hann 24 ára gamall. Hann leit upp til Gunnlaugs og lærði af honum. Ég skammast mín ekkert fyrir að hafa lært af Gunnlaugi, segir hann þegar við erum gengnir til stofu. Nauðsynlegast af öllu er að rækta garðinn sinn, finna sinn eigin persónulega stíl. En það getur maður ekki gert nema með aðstoð annarra. Ég hef leitað að sjálfum mér í öðrum. Að sjálfum mér gegnum marga. Og ég hef verið sívinnandi. Sveinn hefur sagt í samtali, að hann nenni ekki að vera latur.

Þegar við ókum meðfram Kleifarvatni sáum við tvö hús blasa við sunnan eða austan vegar. Refa- og svínabændur eiga heima í öðru, en Sveinn í hinu. Bláu steinhúsi með rauðu þaki. Þegar við ókum í hlað, sáum við myndlistarverk í garðinum. Þau eru gerð úr gúmmídekkjum og ýmsu járndóti. Sveinn flíkar ekki þessum hugverkum sínum. En þau eru eins og kennileiti, það leynir sér ekki að hér býr myndlistarmaður, hvað þá þegar inn er komið. Á öllum hurðum eru myndir sem hann hefur gert til að merkja sér húsið og málverk eftir hann sjálfan og aðra um alla veggi. Ég kaupi stundum myndir af ungum málurum, segir hann, skipti stundum. Hef gaman af verkum ungs fólks, einkum ef það er að leita að sjálfu sér í myndunum, en ekki öllum öðrum. Sveinn hefur áhyggjur af ungu fólki, þegar það lendir í umhverfi þar sem eru fíkniefni. Það þarf enga sérstaka hæfileika til að fara í hundana í Amsterdam, segir hann. Hann er ekki einungis listmálari, heldur einnig rannsóknarlögreglumaður. Geymir hasspípur í skrifstofunni sinni til minningar. Það er að vísu svo, segir hann, að menn héldu það væri ekki hægt að vera listmálari og lögreglumaður. Þú þekkir þetta, Matthías. Það átti enginn að geta verið ritstjóri og skáld, þótt það hafi verið reglan áður fyrr. Sumir Íslendingar eru ginnkeyptir fyrir svona dellum. Og nú fór hann að tala um að hann hefði framan af átt nokkuð erfitt uppdráttar. Þeim þótti ég vera skrýtinn, segir hann, og líklega þykir einhverjum það enn. Hún er falleg þessi mynd af andlitinu hér á hurðinni, segi ég. Já, finnst þér það, segir hann. Kannski andlitin mín þyki einhvern tíma dálítið sérstæð, hver veit? Danir halda víst að fyrirmyndin sé Karen Blixen. Þekkir þú hana? Ég hef séð mynd af henni, svara ég. Þetta er líklega rétt hjá þeim(!)

Fór nú að sýna nýjustu myndirnar. Þetta er bylting, segir hann, og afhjúpar hverja stórmyndina af annarri. Ég get ekki alltaf verið að hjakka í sama farið. Ég verð að gera eitthvað nýtt. Og nú er það afstrakt. Ég er að fara hringinn. Ætli þeir segi ekki eina ferðina enn að ég sé stórskrýtinn og klikkaður! En það gerir ekkert til, ég er ýmsu vanur. En þetta er eiginlega ekkert nema náttúran. Ég hef tekið þessa liti upp eftir landslaginu hér í Krýsuvík. Og einn og einn steinn talar í stöku andliti. En ég er mýkri í litum en áður. Þeir hafa mildazt. Litirnir voru orðnir svo sterkir hjá mér.

Nú kallar hann mig að glugganum. Sérðu þetta vatn, segir hann. Veistu hvað það heitir? Nei, segi ég, en þetta er gamall gígur. Það heitir Gestsstaðavatn. Finnst þér það ekki fallegt? Ég hef notað lögun vatnsins í þessum málverkum. Og andlitin í nýju myndunum eru úr umhverfinu. En Birgitta Engilberts, dóttir Tove og Jóns Engilberts, vinkona Sveins, segir: Ég kann misjafnlega við mig í Krýsuvík. Fjöllin eru svo dimm og óskemmtileg í vondum veðrum. En húsið er hlýtt eins og Sveinn.

II

Júlíana Sveinsdóttir listmálari var móðursystir Sveins Björnssonar. Hún hafði hrjúft yfirborð, minnti á berangurinn við Krýsuvík. En undir þessu yfirborði var eldur. Þetta er raunar gott fólk segir Sveinn. En Júlíana var hörð við mig. Gagnrýndi mig óspart. En þegar Jan Zibrandtsen hrósaði mér í Berlinske Tidene eftir sýninguna 1962, sneri Júlla við blaðinu. Ekki mátti á milli sjá, hvort þeirra var harðara í horn að taka, Júlla eða Valtýr Pétursson. Hann hafði að vísu farið nokkuð góðum orðum um fyrstu sýninguna mína, en svo byrjaði ballið: Heimur versnandi fer sagði hann á næstu sýningum. Ég hugsaði með mér: Þetta eru líklega gullhamrar: Það hlýtur að vera mikil viðurkenning að segja að ég sé heimur. Við það sætti ég mig. Ég átti undir högg að sækja. En þegar ég sýndi 1978, sagði Valtýr: ... og nú er ég kominn í hring, því að ég hafði vissulega ánægju af þessum tveim sýningum Sveins.

Við fórum fram í gang. Skoðuðum myndirnar á veggjunum, gamlar myndir máladar með vatnslitum og olíu. Ég á mynd í þessum dúr, segi ég. Já, ég man eftir henni, ansar Sveinn. Bætir svo við hugsi: Það er nokkuð góð mynd. Ég gætti þess að hafa andlit með, sagði ég.

Við virtum fyrir okkur myndirnar á veggjunum. Ég hef haldið mínu striki, segir Sveinn. Og mér hefur alltaf lagzt eitthvað til. Ég missti framan af fingri í sumar. Það var sárt. Ég skellti á mig hurð í vonzkukasti yfir því hvað myndirnar væru lélegar. En ég tók þetta sem bendingu um að ég ætti að mála mikið í sumar. Góður bóndi hefur þræl á hverjum fingri og ég fékk veikindafrí frá lögreglunni í tvo mánuði og gat sökkt mér niður í málaralistina. Það skiptir ekki öllu máli, hvað fingurnir eru langir. Þeir segja í lögreglunni að ég hafi verið orðinn of fingralangur. Mér dettur ekki í hug að bera á móti því ég hafi verið fingralangur, þegar ég var að byrja í listinni. En ekki lengur.

Ð/Árni Sæberg

Póstverslunin Príma pósthólf 63, 222 Hafnarfjörður Pöntunarsími 91-651414 (allan sólarhringinn)

Ótrúlega lágt verð á þessum handklæðum



Aðeins kr. 1.150.- 20 stk. í setti

2 mynstruð baðhandklæði 56x112 sm
2 einlit baðhandklæði 56x112 sm
2 mynstruð baðhandklæði 38x64 sm
2 einlit baðhandklæði 38x64 sm +
4 stk. mynstruð gestahandklæði
4 stk. mynstraðir þvottapokar 30x30 sm
4 stk. einlitir þvottapokar 30x30 sm

Baðhandklæði — 20 stk. í setti
MEIRIHÁTTAR TILBOÐ
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Vinsamlegast sendið mér eftirfarandi:

Nafn _____

Heimili _____

Póstnr./staður _____

Sendist til:
Póstverslunin Príma, pósthólf 63,
222 Hafnarfjörður, sími 91-651414.

☐ Handklæðasett kr...
☐ Hjálögð greiðsla kr...
(ekkert póstburðargjald)
☐ Sendist í póstkröfu
(póstkröfukostnaður kr. 68,50